# Reglusett í borðabókunum Noona HQ

Síðast uppfært 24/06/2026 12:18 pm BST

Til þess að ákvarða hvenær á að vera hægt að bóka upplifun í borðabókanakerfinu þá þarftu að setja upp reglusett.

Það eru tvö mismunandi reglusett.

1. **Reglusett opnunartíma**
2. **Sniðmát fyrir reglusett**

## Reglusett opnunartíma

Þetta reglusett er almenni opnunartíminn sem þú ert með fyrir hefðbundna borðabókun.




## Sniðmát fyrir reglusett

Þetta reglusett ákvarðar hvenær á að vera hægt að bóka einstaka upplifanir sem geta verið yfir ákveðinn dag eða ákveðið tímabil.

Þú getur smellt á **"+Bæta við"** í hægra horninu og valið **"Nýtt reglusett"** eða smellt á plúsinn við hliðina á **"Sniðmát fyrir reglusett"**.







Þar getur þú valið hverskonar reglu þú vilt setja upp. Um er að ræða 6 mismunandi tegundir af reglum.




- **Opnunartímar:** þessi reglar ákvarðar opnunartímann fyrir viðburðinn. Athugið að ef opnunartíminn á að vera öðruvísi en hefðbundinn opnunartími þá þarf að stilla hann hér.
- **Netbókanir:** Hérna ertu að stilla hvenær viðskiptavinir eiga að geta bókað í viðburðinn á netinu.
- **Sérsniðinn hámarksfjöldi gesta:** Hér setur þú inn hámarksfjölda gesta sem getur komið á viðburðinn.
- **Yfirskrifa lengd bókunar:** Hér getur þú breytt lengdinni á bókuninni og ef það á við um ákveðinn fjölda gesta.
- **Greiðslur:** Þú getur krafist fyrirframgreiðslu, staðfestingargjalds eða að fá kortaupplýsingar viðskiptavinar fyrir bókun á viðburðum.




- **Sérsniðin skilaboð:** Hér getur þú sérsniðið skilaboðin sem viðskiptavinir fá send í tölvupósti og við staðfestingu á bókun fyrir viðburðinn.

Síðan þarftu að stilla dagsetninguna fyrir upplifunina. Það er gert með því að ýta á **þrjá punktana** hægra megin á reglusettinu




-> -> Velur síðan **+ Bæta við tímabili**




og setur þar inn dagsetninguna eða tímabilið undir **'upphafs dagsetning'** og **'loka dagsetning'.**




---

Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúbbluna eða í tölvupósti á hq@noona.is ef einhverjar spurningar eða pælingar vakna